

Ed.

148. Frumvarp

til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá konungsríkisins Íslands.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

Eftirskráðar breytingar skulu gerðar á þessum ákvæðum stjórnarskrárinnar: 10. gr., 11. gr., 12. gr., 13. gr., 14. gr., 18. gr., 26. gr., 27. gr., 31. gr., 36. gr., 37. gr., 38. gr., 42. gr., 47. gr. og 2. og 3. ákvæði um stundarsakir.

1. gr.

Við 10. gr.: Í stað: »Ráðherrar bera« komi: Ráðherra ber, og í stað: »þá fyrir embættisrekstur þeirra« komi: ráðherra fyrir embættisrekstur hans.

2. gr.

Við 11. gr.: Í stað: »þeim« komi: honum. Aftan af greininni falli: »Hann ákveður tölu þeirra og skiftir störfum með þeim«.

3. gr.

Við 12. gr.: Greinin orðist svo:
Ráðherra eða sá, sem hann felur það, ber lög og mikilvægar ráðstafanir upp fyrir konungi.

4. gr.

Við 13. gr.: Greinin falli burtu.

5. gr.

Við 14. gr.: Greinin falli burtu.

6. gr.

Við 18. gr.: Í stað: »ár hvert« komi: annaðhvert ár. — Aftan við greinina bætist ný málsgrein, svo hljóðandi: Nú krefst meiri hluti þingmanna hvorrar deildar, að aukaping sje haldið, og kveður þá konungur Alþingi til setu svo fljótt sem unt er. Það þing má ekki sitja lengur en 4 vikur án samþykkis konungs.

7. gr.

Við 26. gr.: Í stað: »40« komi: 42, og í stað: »26« komi: 28.

8. gr.

Við 27. gr.: Í stað: »4« komi 6. Í stað: »8« komi: 12. Í stað: »fjórða« komi: sjötta.

9. gr.

Við 31. gr.: Í stað: »ár hvert« komi: annaðhvert ár.

10. gr.

Við 36. gr.: Upphaf greinarinnar orðist svo: Engan skatt má á leggja eða af taka, nje skatti breyta.

11. gr.

Við 37. gr.: Greinin orðist svo: Ekkert ólöglegt gjald má greiða úr rikissjóði, nema heimild sje til þess annaðhvort í fjárlögum eða fjáráukalögum. Greiðslur samkvæmt öðrum heimildum eru ólöglegar.

12. gr.

Við 38. gr.: Í stað: »fjárhagsár« komi: fjárhagstímabil.

13. gr.

Við 42. gr.: Greinin orðist svo: Hæstirjettur sker úr því, hvort alþingismenn sjeu löglega kosnir, og úr því, hvort þingmaður hafi mist kjörgengi sitt.

14. gr.

Við 47. gr.: Greinin orðist svo: Ráðherra á samkvæmt embættisstöðu sinni sæti á Alþingi. Hann á rjett á að taka þátt í umræðunum eins oft og hann vill, en verður að gæta þingskapa. — Nú er ráðherra forfallaður, og má hann þá fela öðrum að sækja þingfundi í sinn stað. — Atkvæðisrjett hefir ráðherra eða sá, er í hans stað gengur, því að eins, að hann sje alþingismaður.

15. gr.

Við 2. ákvæði um stundarsakir: Ákvæði þetta orðist svo: Umboð þeirra landskjörinna þingmanna, sem kosnir voru 1916, en ekki fóru frá 1922, falla niður árið 1928, en hinna, er kosnir voru 1922, árið 1934.

16. gr.

Við 3. ákvæði um stundarsakir: Ákvæðið fellur burtu.